



LITLA BÓKIN UM TÆKNIFRJÓVGUN

FYRIR TRANSFÓLK

MERCK



FRÁ MÉR...

Þessi bæklingur var tekinn saman vegna þess að mig langaði til að allir sem standa frammi fyrir svona meðferð finni að tekið sé tillit til þeirra og að þeir fái upplýsingar sem eru aðlagðar aðstöðu þeirra. Ég fékk ekki slíkar upplýsingar þegar ég fór í slíka meðferð.

Hugmyndin að bæklingnum fæddist þegar ég fór í meðferð til að varðveita egg. Upplýsingarnar sem ég fékk voru fyrst og fremst ætlaðar konum sem voru í sambandi með karlmanni og þurftu að gangast undir tæknifrjóvgun.

Ég setti mig í samband við lyfjaframleiðandann Merck, sem samþykkti að taka þátt í að prenta bæklinginn og færi ég fyrirtækinu bestu þakkir fyrir það.

Lowe Andersson

Bæklingurinn er unninn af Lowe Andersson í samvinnu við Merck.
Textinn er lesinn yfir af Sofia de Sousa Soares, Livio tæknifrjóvgunarstofunni í Umeå.
Litla bókun um tæknifrjóvgun fyrir transfólk er hluti af fræðsluefni frá Merck.

1

Fyrir meðferð

s. 5

2

Hvað gerist við venjulegan getnað?

s. 6-7

3

Hormónaörvun

s. 8-9

4

Aðferðir við örvun og sprautur

s. 10

5

Eggheimta

s. 12-13

6

Áhætta og aukaverkanir

s. 14

7

Frysting eggja

s. 14

8

Varðveisla sáðfrumna

s. 17



INNGANGUR

Með aukningu á frjósemisvarðveitandi meðferðum hjá transfólki hefur skapast þörf fyrir upplýsingabækling aðlagðan þeim hópi. Fræðsluefni hefur hingað til fyrst og fremst beinst að einstaklingum og þörum sem eru á leið í frjósemismeðferð með barneignir að markmiði.

Þessi bæklingur er ætlaður transfólki sem er að fara að gangast undir meðferð til varðveislu frjósemi. Bæklingurinn lýsir því hvernig staðið er að því að varðveita kynfrumur, þ.e. egg og sáðfrumur.

Hugmyndin með bæklingnum er að transfólk finni að það geti fengið svör við spurningum sínum, sem taka mið af aðstæðum, óháð því hvernig þau skilgreina kyn sitt eða hvers kyns kynleiðréttingarferli þau gangast undir.

Þegar rannsókn á kynáttunarvanda er lokið og heimilt er að hefja kynleiðréttingarferli, er boðið upp á að varðveita kynfrumur. Sérhæfðar lækna stofur annast það.




1. FYRIR MEÐFERÐ

Þegar þú kemur í fyrst á frjósemsdeildina mun læknir og hjúkrunarfræðingur ræða við þig og fræða þig um meðferðina sem í hönd fer, eggheimtu og frystingu eggja.

Ef krosshormónameðferð er þegar hafin verður rætt að gera hlé á henni áður en meðferðin hefst. Oft er nauðsynlegt að tíðablæðingar séu eðlilegar til að hægt sé að sækja egg. Þú þarft að gangast undir kvenskoðun með ómun á legi og eggjastokkum. Einnig verða tekin blóðsýni.

Varðveisla sáðfrumna er mun einfaldara ferli og þarfnast ekki undirbúnings (sjá síðu 17).

2. HVAD GERIST VIÐ




Egglos verður
yfirleitt einu sinni í
mánuði.

Egg losnar úr eggjastokki
og berst í eggjaleiðara.
Sáðfrumur og egg mætast
í eggjaleiðara, þar sem
frjóvgun verður

Frjóvgað egg, fósturvísir,
heldur áfram að þroskast
þar til það festist við
slímhúð legsins eftir
5-6 daga.

VENJULEGAN GETNAÐ



Myndun sáðfrumna í
eistum tekur u.þ.b.
70 daga

Sáðfrumur eru geymdar
í eistnalyppum, þar sem
þær þroskast

Við sáðlát berast
sáðfrumur úr
eistnalyppum með vökva
frá blöðruhálskirtli og
sáðblöðrum



3. HORMÓNAÖRVUN fyrir eggheimtu


Sjaldgæft er að fleiri en eitt eggþú þroskist og losi egg í venjulegum tíðahring. Markmiðið með hormónaörvun, sem beitt er fyrir eggheimtu, er að þroska fleiri en eitt egg. Þú færð einstaklingsmiðaða meðferðaráætlun frá læknum sem annast meðferðina og stuðning meðan á meðferðinni stendur. Ef meðferð með testósteróni er hafin og tíðablæðingar hafa hætt þarf að koma þeim af stað aftur. Það er gert með því að gera hlé á testósterónmeðferðinni þar til blæðingar hefjast að nýju. Ef það gerist ekki sjálfkrafa innan nokkurra mánaða getur þurft að gefa lyf sem koma tíðablæðingum af stað. Sú meðferð tekur yfirleitt 10-12 daga.

Þegar tíðablæðingar hafa hafist er mikilvægt að hormónaframleiðsla líkamans komi ekki af stað ótímabæru egglosi. Lyf eru notuð til að hafa áhrif á boðkerfi líkamans og stýra þannig þroska eggþúa.

Tvenns konar meðferð er beitt, stuttri meðferð eða langri meðferð. Í langri meðferð er beitt formeðferð með nefúða til að setja eggjastokkana í hvíldarstöðu. Magn hormóna í líkamanum verður þá lítið og það getur valdið aukaverkunum svo sem höfuðverk, þreytu, geðsveiflum, hitanæmi og þurrki í slímhúð. Þetta minnkar á næsta stigi meðferðarinnar, sem líkist stuttri meðferðinni að miklu leyti.


Í stuttri meðferð eru eggjastokkarnir örvaðir án þess að bæla þá fyrst með nefúða. Hormónameðferðin hefst með sprautum sem eru gefnar í tengslum við tíðablæðingar. Eftir nokkurra daga meðferð er lyfi bætt við sem stýrir merkjum líkamans um egglos. Loks er gefin sprauta sem veldur því að egg þroskast til fulls.

Stutt meðferð - GnRH hemill



Óþarfi er að hafa áhyggjur af þessu. Hjúkrunarfræðingur mun fara vandlega yfir meðferðina með þér.

Löng meðferð - GnRH örvi



* Fjöldi daga fram að blæðingum, sem benda til bælingar, er breytilegur. Upphaf hormónaörvunar að loknum blæðingum er breytilegt.



4. AÐFERÐ VIÐ ÖRVUN OG SPRAUTUR

Tilgangurinn með hormónameðferðinni er að örva eggjastokkana og fá fleiri þroskuð egg. Hormónalyfjunum er sprautað undir húð, á sama hátt og sjúklingar með sykursýki sprauta sig með insúlíni. Þér verður kennd þessi einfalda aðferð í ró og næði á frjósemisdeildinni og/eða með hjálp myndbanda. Þú átt að sprauta þig á nokkurn veginn sama tíma á hverjum degi.

Fylgst er með örvuninni með ómskoðun til að athuga hvort sá skammtur af hormónalyfjum sem notaður er veldur vexti hjá þeim fjölda eggbúa sem búist var við.

Skammtastærð, meðferðartími og fjöldi skipta sem koma þarf á frjósemisdeildina eru einstaklingsbundin. Þegar eggbúin hafa náð nægilegri stærð er sprautað inn lyfi sem undirbýr endanlega eggþroskun.

Á síðari stigum hormónameðferðarinnar getur kviður þinn verið þaninn og aumur vegna vökvæðfnunar og stærðar eggjastokkana.



Eftir þjálfun getur þú
sprautað þig sjálf með
hormónalyfjunum.




5. EGGHEIMTA

Þegar lækknirinn telur að eggbú þín hafi náð réttri stærð ert þú látin vita hvaða dag á að framkvæma eggheimtuna. Þér verður sagt hvernig þú þarft að undirbúa þig.

Komið er á frjósemisdeildina hálfri til einni klukkustund áður en eggheimtan er framkvæmd. Þú færð verkjastillandi lyf og getur fengið róandi lyf. Þú ert vakandi meðan á eggheimtu stendur, en færð staðdeygingu í leggöng og verkjastillandi og róandi lyf í olnbogabót. Eggheimta á ekki að þurfa að valda sársauka en þrýstingstilfinning er algeng.

Lækknirinn getur séð vökvafyllt eggbúin með ómskoðun um leggöng. Vökvi er dreginn út úr eggbúinu með grannri nál, sem fest er við ómskoðunarstafinn, og fósturfræðingur skoðar hann í smásjá. Hvert eggbú getur í mesta lagi innihaldið eitt egg, en stundum innihalda þau eingöngu vökva.

Eftir eggheimtu er algengt að fá kviðverki sem líkjast tíðaverkjum.



6. ÁHÆTTA OG AUKAVERKANIR

Hjá 1-2% þeirra sem gangast undir hormónaörvun vegna eggheimtu kemur fram oförvun (oförvunarheilkenni - OHSS). Þá veldur hormónaskammturinn sem er gefinn því að of mörg eggbú þroskast. Kviðurinn verður þrútin og aumur og öndunarerfiðleikar geta komið fram. Stundum er nauðsynlegt að hætta meðferðinni fyrir eggheimtu, en yfirleitt koma einkennin ekki fram fyrr en eftir eggheimtu. Ef oförvun kemur fram hjá þér er yfirleitt nóg að hvílast og koma til eftirlits á göngudeild. Í alvarlegum tilvikum getur þurft að leggjast inn á sjúkrahús til skoðunar.

Hlutfallið 1-2% á einnig við um þá sem gangast undir tæknifrjóvgun.

Aðrar aukaverkanir eftir eggheimtu geta verið sýkingar og blæðingar í eggjastokkum en þær eru mjög sjaldgæfar (minna en 0,1% af öllum eggheimtum).

7. FRYSTING EGGJA

Egg eru fryst daginn sem eggheimtan er framkvæmd. Það er gert með svokallaðri snöggfrystingu, þar sem eggin eru fryst í -196 gráður á nokkrum sekúndum. Við það hitastig stöðvast öll starfsemi í frumum.

Þessi hraða frysting veldur því að engir ískristallar myndast, sem gætu skaddað eggin. Fryst egg eru merkt með nafni og kennitölu og geymd í frystikút með fljótandi köfnunarefni þar til þau verða notuð.

Hve lengi er hægt að geyma egg í frysti? Spyrdðu lækinn sem annast meðferðina.







8. VARÐVEISLA SÁÐFRUMNA

Sáðfrumur eru teknar til varðveislu á frjósemsdeildinni sem mun geyma þær. Þar er gefið sæði í glas sem merkt er með nafni og kennitölu. Á frjósemsdeildinni er aðstaða til að dvelja í einrúmi og gefa sæði í ró og næði.

Starfsfólk frjósemsdeildarinnar athugar hvort nóg sé af sáðfrumum í sýninu. Ef allt er eðlilegt eru sáðfrumurnar frystar. Sýninu er blandað við frystilausn og dregið upp í lítil rör sem merkt eru með nafni og kennitölu. Rörin eru síðan geymd í frystikút með fljótandi köfnunarefni.

Hve lengi er hægt að geyma sáðfrumur í frysti? Spyrðu lækinn sem annast meðferðina.

EIGIN ATHUGASEMDIR





Merck AB
Icepharma hf
Lynghálsi 13
110 Reykjavík,
Sími: 540 8000
www.icepharma.is



MERCK